



Til ríkisstjórnna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

Skrifleg fyrirspurn um markmið í orku- og loftslagsmálum

Danska ríkisstjórnin skipaði nýlega nýja orkumálanefnd en áður en að því kom dró hún úr markmiðum Dana í loftslagsmálum og metnaðinum í orkumálum, ef borið er saman við stefnu fyrri ríkisstjórnar í loftslags- og orkumálum.

Ýmis af markmiðum Dana á þessum sviði hafa nefnilega hingað til verið metnaðarfullri en annarra Evrópulanda. Það á meðal annars við um markmið ESB um 40% samdrátt í gróðurhúsalofttegundum, en því markmiði ætluðu Danir að ná þegar árið 2020. Ríkisstjórnin ákvað að hætta við það og ætlar í staðinn á að ná markmiðinu árið 2030. Einnig hafði verið ákveðin lokadagsetning fyrir notkun kola og jarðgass sem orkugjafa í Danmörku, en þau tímamörk ákvað danska ríkisstjórnin að afnema.

Til að varpa ljósi á þróun mála annars staðar á Norðurlöndum eru því ríkisstjórnir Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og Íslands beðnar um að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða markmið eru nú í gildi um hlut endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun í landinu miðað við einhver ákveðin ár? Er slíkt markmið og ártal í gildi varðandi það að hætta með öllu notkun kola og jarðgass?
- Hvaða markmið hafa verið sett um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í landinu?
- Hvernig hafa markmiðin á ofangreindum tveimur sviðum þróast á síðustu tíu árum – hafa þau verið aukin eða hefur verið dregið úr þeim?
- Hefur ríkisstjórnin áform um að auka eða draga úr ofangreindum markmiðum?

Kaupmannahöfn, 13. apríl 2016

Karin Gaardsted (S)